

**180. aðalráðstefna**  
**Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu**  
október 2010

Aronsprestdæmið

Öldungur L. Tom Perry  
í Tólfpostulasveitinni

Þegar ég talaði á aðalráðstefnu fyrir 25 árum hafði ég sýnigagn mér við hlið. Það var elsti barnasonur minn. Hann hafði nýlega fengið Aronsprestdæmið og verið vígður sem djákni. Ég nýtti tækifærið af þessu tilefni til að beina máli mínu til hans um mikilvægi þess að hljóta Aronsprestdæmið.

Ég sagði við barnason minn:

„Ég er ekki sérlega ánægður með þær veraldlegu aðstæður sem þú og aðrir piltar þurfið að takast á við á leið ykkar til manndóms. Þótt við sem eldri erum hefðum átt að vera í þeirri aðstöðu að geta haft áhrif á heiminn, finnst mér líkt og við höfum stórlega brugðist ykkur og leyft að heimurinn félli í núverandi ástand. Það leiðir af sér að margir þeirra sem þið umgangist eru ekki aldrið upp við að skilja og virða hefðbundin gildi. Af þeirri ástæðu verður þrýstingur jafnaldra mun meiri og erfiðari að fást við.

Við höfum innleitt á heimili okkar útvarp, hljómtæki og sjónvarp. Þótt allt þetta geti séð okkur fyrir heilbrigðri dægrastyttingu, er svo margt sem framleitt hefur verið til áheyrnar og áhorfs ekki til þess gert að veita ungum mönnum innblástur og hvatningu. Reyndar er flest af því sem framleitt er smánarlegt. Aðeins með því að kveikja á einum rofa á heimili ykkar er mögulegt að tortíma tilfinningu ykkar fyrir því hvað er rétt og hvað er rangt“ („I Confer the Priesthood of Aron,“ *Ensign*, nóv. 1985, 46).

Því fleiri sem breytingarnar verða, því meiri verður stöðnunin ... nema hvað tæknina varðar. Ég freistast til að spyrja ungu Aronsprestdæmishafana að því hvort þeir viti hvað plötuspilari er. Fyrir þá ykkar sem ekki vita það, þá er það nokkuð sem við höfðum í fjölskylduherberginu til að hlusta á tónlist. Hugsid ykkur, við urðum að fara að tækinu í stað þess að vera með það á okkur hvert sem við fórum.

Ég kenndi líka barnasyni mínum, Terry, fjórar lexíur byggðar á sögunni um Daníel í Gamla testamentinu. Ég hvatti hann til að (1) halda líkama sínum heilbrigðum og hreinum; (2) þroska huga sinn og vera skynsamur; (3) vera sterkur og standast freistingar í heimi þar sem nóg væri af þeim; og (4) setja traust sitt á Drottin, einkum þegar hann þarfnaðist verndar hans.

Ég lauk ráðgjöf minni til Terrys á þessum orðum: „Þessar sögur í ritningunum verða aldrei úreltar. Þegar þið lesið þær fanga þær jafnt athygli ykkar sem djákna, kennara, prests, trúboða, heimiliskennara, öldungasveitarforseta eða hvert sem verkefnið er sem Drottinn hefur kallað ykkur til. Þær kenna ykkur að sýna trú, hugrekki, elsku til náungans, sjálfstraust og traust á Drottni“ (*Ensign*, nóv. 1985, 48).

Ég gleðst yfir að geta sagt að Terry hefur verið trúr kennslunni sem ég veitti honum fyrir 25 árum. Síðar hlaut hann Melkisedeksprestdæmið, þjónaði dyggilega í trúboði, þjónar nú sem öldungasveitarforseti og er auðvitað faðir fallegrar dóttur.

Margt hefur breyst á síðasta aldarfjórðungi. Annað sem gerst hefur er að mörg barnabörn mín hafa vaxið úr grasi og eignast sín eigin börn. Nú í sumar gafst mér tækifæri til að vera með í hring prestdæmishafa og leggja hendur á höfuð elsta barnabarnasonar míns, þegar faðir hans veitti honum Aronsprestdæmið. Þótt þessi barnabarnasonur minn standi ekki við hlið mér í dag, vil ég beina máli mínu til hans og allra þeirra dásamlegur ungu manna sem hafa Aronsprestdæmið.

Það er afar sérstök blessun að hljóta Aronsprestdæmið. Sagan greinir frá þeim dýrðlega degi þegar prestdæmið var endurreist á jörðu, og veitti mönnum réttinn til að koma fram sem fulltrúar Guðs, er þeir framkvæmdu helgiathafnir prestdæmisins. Það var 5. apríl sem Oliver Cowdery kom að heimili Josephs Smith í Harmony, Pennsylvaníu. Oliver spurði spámanninn um þýðingu hans á hinum fornu heimildum, Mormónsbók. Sannfærður um guðlegt eðli þessa verks, samþykkti Oliver að vera ritari við það sem eftir væri þýðingarinnar. Verkinu miðaði hratt áfram eftir að Oliver samþykkti að verða ritari.

Þann 15. maí 1829 höfðu Joseph og Oliver þegar náð 3. Nefí. Frásögnin um komu hins upprisna frelsara til Vesturheims, og kenningarnar um skírnina, gagntók þá. Þegar þeir lásu í 3. Nefí tóku þeir að hugleiða skírnina. Hvaða skírnaraðferð var rétt og hver hafði valdsumboð til að framkvæma þessa endurleysandi helgiathöfn? Þeir leituðu svara við slíkum spurningum um grundvallarkenningar. Þeir einsettu sér að leita svara í bæn og fóru til nærliggjandi staðar á bökkum Susquehanna fljótsins. Þar úthelltu þeir hjörtum sínum og himnarnir lukust upp fyrir þeim. Engill birtist þeim og kynnti sig sem Jóhannes skírara, og sagði Joseph og Oliver að hann starfaði undir handleiðslu Péturs, Jakobs og Jóhannesar, sem hefðu æðra prestdæmið (sjá JS – S 1:72).

Hann lagði hendur á höfuð þeirra og sagði: „Yður, samþjónum mínum, veiti ég í nafni Messíasar Aronsprestdæmið, sem hefur lykla að þjónustu engla og fagnaðarerindi iðrunar og niðurdýfingarskírn til fyrirgefningar syndanna. Og þetta skal aldrei aftur af jörðunni tekið, uns synir Levís færa Drottni aftur fórn í réttlæti“ (K&S 13:1).

Síðar sagði Oliver frá atburði þessum þannig: „En, ... hugsaðu þér, hugsaðu þér andartak enn, þá gleði, sem fyllti hjörtu okkar, og í hvílíkri undrun við hljótum að hafa kropið, ... þegar við hlutum af hans hendi hið heilaga prestdæmi“ (neðanmálstexti, JS – S 1:71).

Eftir að mannkynið hafði beðið þess um aldir að valdsumboð Guðs yrði endurreist, var kraftur og dýrð hins heilaga Aronsprestðæmis á jörðunni að nýju. Í 107. kafla Kenningar og sáttmála lærum við ástæðu þess að lægra prestdæmið er kallað Aronsprestðæmið:

„Hitt prestdæmið nefnist prestdæmi Arons, vegna þess að það var veitt Aron og niðjum hans í alla ættliði.

Það nefnist lægra prestdæmið, vegna þess að það er viðauki við hið æðra, eða Melkisedeksprestðæmið, og hefur vald til að starfa að ytri helgiathöfnum.

Kraftur og vald hins lægra, eða Aronsprestðæmis, er að hafa lykla að þjónustu engla og starfa að ytri helgiathöfnum, bókstaf fagnaðarerindisins, iðrunarskírni til fyrirgefningar syndanna, í samræmi við sáttmálana og boðorðin“ (K&S 107:13–14; 20).

Ungir Aronsprestðæmishafar fá ekki aðeins kraft og vald til að vera fulltrúar Drottins er þeir framfylgja prestðæmisskyldum sínum, heldur fá þeir einnig lykla að þjónustu engla.

Ungu menn sem hafið Aronsprestðæmið, ég ber ykkur vitni um að Drottinn er bundinn hátíðlegum sáttmála um að blessa líf ykkar í samræmi við trúfesti ykkar. Ef þið gefið gaum að aðvörunarrödd heilags anda og fylgið leiðsögn hans, munuð þið verða blessaðir með þjónustu engla. Sú blessun veitir ykkur visku, þekkingu, kraft og dýrð. Sú blessun er óbrigðul, sem Drottinn hefur heitið ykkur.

Fyrir nokkrum mánuðum sótti ég föstu- og vitnisburðarsamkomu í deild einni. Einn þeirra sem stóð upp og bar vitnisburð sinn var leiðbeinandi í Aronsprestðæminu. Vitnisburður hans vakti mér aukið þakklæti fyrir hvað í því felst fyrir Aronsprestðæmishafa að hafa lykla að þjónustu engla.

Þessi leiðbeinandi greindi frá atviki tengdu Aronsprestðæminu í deild hans sem gerðist þá um morgunin. Þegar hann var á gangi á leið til kirkju, sá hann tvo unga djákna með föstufórnar umslög á leið til heimila meðlima. Hann var hrifinn af því að þeir voru klæddir í sitt besta og leystu verkefni sitt af höndum af virðingu. Hann fór síðan með tveimur prestum til að þjónusta sakramentið á heimili manna sem voru líkamlega og andlega fatlaðir. Þetta var í fyrsta sinn sem þessir tveir ungu menn komu á heimilið og leiðbeinandi þeirra veitti því athygli að þeir leystu þetta prestðæmisverkefni af höndum af virðingu og umhyggju.

Leiðbeinandinn sagði síðan frá smáatviki sem snerti hjarta hans djúpt, því annar presturinn minnti hann á raunverulega merkingu þess að vera sannur fulltrúi Jesú Krists – bókstaflega þjónandi engill. Ungi maðurinn sem útdeildi vatninu meðal safnaðarins kom að manni sem greinilega var haldinn mongólíta heilkenni. Ástand mannsins kom í veg fyrir að honum tækist að taka bikarinn úr bakkanum og drekka vatnið. Þessi ungi prestur kom þegar í stað til hjálpar. Hann lagði vinstri höndina á hnakka mannsins, til að setja höfuðið í drykkjarstöðu, tók bikarinn úr bakkanum með hægri hendinni og bar hann hægt og varfærnislega að vörum mannsins. Þakklætissvipur færðist yfir andlit mannsins – svipur þess sem þegið hefur þráða þjónustu. Þessi dásamlegi ungi prestur hélt síðan áfram því verkefni að útdeila öðrum í söfnuðinum hinu blessaða vatni.

Leiðbeinandinn tjáði þær tilfinningar sem hann upplifði á þessari ljúfu stundu í vitnisburði sínum. Hann sagðist hafa fellt gleðitár í hljóði og vitað að kirkjan væri í góðum höndum hjá þessum ungu, umhyggjusömu og hlýðnu Aronsprestdæmishöfum.

Ezra Taft Benson forseti sagði eitt sinn:

„Sýnið mér ungan mann sem hefur haldið sér siðferðilega hreinum og trúfastlega sótt kirkjusamkomur. Sýnið mér ungan mann sem hefur eflt prestdæmi sitt og áunnið sér viðurkenninguna Skyldurækni við Guð og er Arnarskáti. Sýnið mér ungan mann sem hefur lokið trúarskólanum og á brennandi vitnisburð um Mormónsbók. Sýnið mér slíkan ungan mann og ég mun sýna ykkur ungan mann sem megnar að gera kraftaverk fyrir Drottin á trúboðsakrinum og í öllu sínu lífi“ („To the ,Youth of the Noble Birthright“, *Ensign*, maí 1986, 45).

Foreldrar þessara stórkostlegu ungu pilta og stúlkna, við brýnum fyrir ykkur þá helgu ábyrgð að kenna börnum ykkar kenningar hins heilaga prestdæmis. Börn ykkar verða að læra á unga aldri um þá blessun að hafa hið eilífa prestdæmi Drottins og hvað þau verða að gera sjálf til að verðskulda þá blessun.

Biskupar, þið hafið lykla prestdæmisins til að vera í forsæti hinna ungu pilta Aronsprestdæmisins, að sitja í ráði með þeim og kenna þeim prestdæmisskyldur þeirra. Gætið þess vandlega að sérhver piltur sem verðugur er þess að hljóta Aronsprestdæmið skilji skyldur sínar og þá blessun sem fylgir því að hafa prestdæmið. Hjálpið honum að læra að efla prestdæmið nú með því að fela honum mikilvæg verkefni og kenna honum að þjóna öðrum.

Ungu menn, ég hvet ykkur til að byggja líf ykkar á undirstöðu sannleika og réttlætis. Það er eina undirstaðan sem mun standast þrýsting þessa lífs og vara alla eilífð. Prestdæmið sem þið hafið er sérstök gjöf, því gjafarinn er Drottinn sjálfur. Notið það, eflað það og verið verðugir þess. Ég vil að þið vitið að ég á sérstakan og persónulegan vitnisburð um kraft þess. Það hefur blessað líf mitt á svo marga vegu.

Ég hvet ykkur einnig til að ákveða í dag að virða þessa undursamlegu blessun og búa ykkur undir að taka á móti hverju embætti Aronsprestðæmisins – djákna, kennara og prests. Búið ykkur undir þá undursamlegu blessun að taka á móti Melkisedeksprestðæminu, sem þið þurfið að verðskulda áður en þið þjónið í trúboði. Drottinn þarfnast þess að þið búið ykkur undir þjónustu hans, einkum þá miklu ábyrgð ykkar að færa heiminum fagnaðarerindi hans. Ef þið búið ykkur undir að hljóta hið heilaga prestdæmi hans, lofa ég ykkur því að hann mun í bókstaflegri merkingu úthella blessunum yfir höfuð ykkar. Þann vitnisburð skil ég eftir hjá ykkur í nafni Drottins okkar og frelsara, já, Jesú Krists, amen.